

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Sisapon, G.Y. 381, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1957.

Nr. 161/1956. **Ákærvaldið** (Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

Jakobi Vigty Leó Ólafssyni

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt stað þann, er ákærði kveður skip sitt hafa verið statt á, er vörpunni var kastað í umrætt skipti. Staðfestir skólastjórinn, að sá staður sé um 6,2 sm innan fiskveiðimarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt sekur um botnvörpuveiðar í landhelgi. Varðar það brot hans við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var kveðinn upp, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jakob Vigtýr Leó Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Ásmundssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 2. júní 1956.

Ár 1956, laugardaginn 2. júní, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Patreksfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4/1956 ákæruvaldið gegn Jakob Vigtý Leó Ólafssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Ákærði er Jakob Vigtýr Leó Ólafsson, skipstjóri á togbátnum Tálknfirðingi, BA 325, til heimilis að Hraunteigi 22 í Reykjavík. Og er málið höfðað gegn honum samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherrans, dagsettu í dag, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 frá 8. des. 1952 um breytingu á þessum lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togbát kl. um 17.15 föstudaginn 1. júní 1956 á Patreksfjarðarflóa um 6.2 sjómílur innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81 frá 1952. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, svo og að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togbáts og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. febrúar 1925 að Bakka í Tálknafjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu, og hefur ekki áður gerzt brotlegur við íslenskku fiskveiðilöggjöfina, svo vitað sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Jóns Jónssonar, skipherra á varðskipinu Sæbjörgu, og eiðfestum framburði Jóns Strandbergs, 1. stýrimanns á sama skipi, svo og játningu ákærða eru málavextir þessir:

Föstudaginn 1. júní 1956, klukkan 16.50, fór varðskipið Sæbjörg

frá Patreksfirði og hélt út Patreksfjarðarflóa grunnt með landi að vestanverðu. Klukkan 17.15 var varðskipið út af Ólafsvita. Sást þá bátur í réttvísandi norður frá vitanum. Hélt hann í ca suðaustur og fór hægt. Klukkan 17.30 sást, að báturinn sneri til stjórnborðs og útum. Þótti varðskipstjóranum þá eitthvað grunsamt við bátinn og hélt í áttina til hans. Klukkan 17.40 setur báturinn á ferð inn flóann, og dregur varðskipið þá upp stöðvunarmerki. Klukkan 17.46 skaut varðskipið „lausu skoti“. Stanzaði báturinn þá. Klukkan 18.00 kom varðskipið að bátnum, sem reyndist vera togbáturinn Tálknfirðingur, BA 325, frá Tálknafirði. Var hann þá 1.5 sjómíllur út af Krossadal. 1. stýrimaður varðskipisins var strax sendur um borð í Tálknfirðing. Er hann kom um borð í bátinn, sá hann, að hlerar og bobbingar bátsins voru fægðir, veiðarfæri í bunka á þilfarinu, óleyst frá poka, og sá stýrimaður lifandi steinbít í honum auk tveggja eða þriggja kola.

Skipstjóri togbátsins var strax fluttur yfir í varðskipið. Viðurkenndi hann að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, þegar varðskipstjórinn kom fyrst auga á bát hans á 19 faðma dýpi, á miðum, sem kallast Legur, og kvaðst hafa togað þar í 20 mínútur.

Skipstjóri varðskipisins merkti veiðistaðinn á sjókortið eftir miðum þeim, sem togbátsstjórinn gaf upp: Tálknin í réttvísandi 140° og Straumnes í réttvísandi 233°, og reyndist staðurinn vera um 6.2 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna.

Veður var N 5, sjór N 4, skýjað.

Ákærði hefur viðurkennt skýrslu skipherrans rétta í öllum greinum, hvað brot hans áhrærir.

Það þykir því sannað með eiðfestri skýrslu skipherrans á varðskipinu og eiðfestum vitnisburði 1. stýrimanns varðskipisins, sem er samhljóða skýrslu skipherrans á varðskipinu, svo og með eigin viðurkenningu ákærða, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í skýrslu skipherrans greinir, verið að veiðum um 6.2 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákærinni.

Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togbátsins, 66 brúttó smálestir, og núverandi gullgengis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 7400.00 króna sekt til Landhelgisgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir drag-

strengir togbátsins Tálknfirðings, BA 325, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar. Dóm þenna kváðu upp Jóhann Skaptason, settur sýslumaður, og með-dómsmennirnir Árni Gunnar Þorsteinsson póstafgreiðslumaður og Gísli Bjarnason fyrrverandi skipstjóri.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Vigtýr Leó Ólafsson, greiði 7400.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir togstrengir togbátsins Tálknfirðings, BA 325, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. febrúar 1957.

Nr. 42/1956: Efnalaug Hafnarfjarðar h/f

(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Jóni Guðmundssyni

(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vöntun umboðs til að skuldbinda fyrirtæki með áritun samþykkis á víxil.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.